



# Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

---

KYNNING Í VELFERÐARRÁÐI

23. OKTÓBER 2019



# Aðgengis- og samráðsnefnd

---

- Tók við hlutverkum notendaráðs fatlaðs fólks og ferlinefndar fatlaðs fólks.
- Ferlinefndin var vistuð hjá mannréttindaskrifstofu frá 2014.
- Mannréttindaskrifstofa var beðin um að sjá um notendaráð fatlaðs fólks árið 2016.
- Ferlinefnd fór með aðgengismál í borginni en notendaráð fjallaði um þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík.

# Skipan



- Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara þ.a. að lágmarki einn aðila úr hópi fólks með geðfötlun. Þroskahjálp tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.
- NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Allir fulltrúar hagsmunasamtaka skulu hafa búsetu í Reykjavík. Reykjavíkurborg ber að tryggja að a.m.k. einn hjólastólanotandi sé í ráðinu.
- Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en nefndin sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.



# Verkefni aðgengis- og samráðsnefndar

---

- a) Að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, verði aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Aðgengis- og samráðsnefnd veitir árlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar.
- b) Að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir þjónustuveitendur sem koma að þjónustu fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Aðgengis- og samráðsnefndin kemur að stefnumótun er varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og hefur frumkvæði að samráði um þjónustu við fatlað fólk í borginni.

# Lagabreytingar

---



- Með breytingu á félagsþjónustulögum 2018 var kveðið á um að í öllum sveitarfélög skyldu starfa samráðshópar um málefni fatlaðs fólks og þar skyldu að lágmarki sitja 3 kjörnir fulltrúar og þrír fulltrúar hagsmunasamtaka.
- Lagabreytingin fól einnig í sér að í hverju sveitarfélagi væri starfandi notendaráð „sem tryggi aðkomu hagsmunasamtaka notenda við stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélags í málefnum er varða meðlimi þeirra“
- Skv. 10. gr. Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga notendaráð t.d. að veita umsagnir um starfsleyfi:  
  
„Félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og aðrir einkaaðilar sem ætla að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum skulu afla starfsleyfis ráðuneytisins. Ráðuneytið skal afla umsagnar notendaráðs í því sveitarfélagi þar sem starfsemin er áður en leyfið er veitt.“

# Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 - 2021

---

F.7. Notendaráð starfi á öllum þjónustusvæðum.

Markmið: Að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi.

Lýsing: Fötluðu fólki verði gert kleift að hafa aukin áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sem og önnur hagsmunamál sín. Á hverju þjónustusvæði verði sett á laggirnar notendaráð skipað fötluðu fólki sem sé ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun í málaflokknum.

Þjónustusvæðið vinni alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks með ráðinu og geti auk þess tekið upp mál að eigin frumkvæði. Boðið verði upp á stuðning og ráðgjöf til að mæta sértækum þörfum fatlaðra fulltrúa sem sitji í notendaráðunum, m.a. sé gætt að því að efni sé sett fram á auðskildu máli.

# Hvernig má gera vel

---

„Skýrslur sem hafa borist Inclusion Europe sýna að raunveruleg skilgreining á starfi notendaráðs er afar áriðandi. Mikilvægast er að tryggja sjálfstæði ráðsins frá hagsmunum þjónustuveitanda.“

“Skuldbinding er nauðsynleg bæði hjá þjónustuaðila og notendaráði. Þjónustuaðilar verða að samþykkja það að þátttaka notenda í öllum helstu ákvörðunum sem hafa áhrif á þjónustu er ómissandi vísbending um gæði þjónustunnar.”

\*Inclusion Europe. User Councils in Disability Services: Recommendations for Good Practice, bls. 4 og bls. 8